

ÁRSSKÝRSLA FESTU 2017

UN GLOBAL COMPACT COMMUNICATION
OF ENGAGEMENT (COE) 2016-2017



F E S T A

Samfélagsábyrgð
fyrirtækja

EFNI

- Hluti I. Inngangur og staðfesting frá framkvæmdastjóra og stjórn um stuðning við Global Compact.
- Hluti II. Markmið og árangur af starfi Festu.



YFIRLÝSING FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA OG STJÓRN

Til hagaðila okkar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna, hr. António Guterres.

Í þessari ársskýrslu lýsum við starfsemi Festu árið 2017. Auk þess er skýrslan framvinduskýrsla um markmið okkar að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2016-2017 (UNGC). Þar með staðfestum við vilja okkar til að vinna í takt við tíu viðmið UNGC um samfélagsábyrgð eins og okkur er unnt og munum kynna stuðning okkar fyrir aðildarfélögum okkar, hagaðilum og almenningi.

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð á Íslandi, hefur það hlutverk að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu um samfélagsábyrgð og styðja við fyrirtæki sem vilja innleiða ábyrga starfshætti í stefnu sína og daglega starfsemi.


Við lýsum yfir áframhaldandi þátttöku okkar í verkefnum UNGC. Festa mun kynna Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og halda áfram þátttöku sinni í norrænu netverki UNGC þar sem skipulagsheildir á Norðurlöndum skiptast á reynslu og þekkingu.

Við munum deila þessum upplýsingum með hagaðilum okkar og fögnum öllum ábendingum um innihald ársskýrslunnar.

Virðingarfyllst,



Ketill Berg Magnússon
framkvæmdastjóri Festu



Stjórn Festu



WE SUPPORT



MARKMID OG STÖRF

STEFNUMÓTUN

Stjórn Festu vinnur árlega stefnumótun þar sem framtíðarsýn, hlutverk og stefna eru endurskoðuð í ljósi árangurs síðasta árs, viðhorfskönnunar meðal félaga og þeirra strauma og stefna um samfélagsábyrgð fyrirtækja sem ríkja í samfélaginu.

Áherslur næsta starfsárs eru þar ræddar og forgangsraðað er þeim verkefnum sem stjórn telur mikilvægast að vinna að. Úr verður framkvæmdaáætlun sem framkvæmdastjóri vinnur eftir. Sá skýri fókus sem fæst með slíkri stefnumótun er afar dýrmætur þegar unnið er með jafn viðamikið viðfangsefni og samfélagsábyrgð fyrirtækja er.

Framtíðarsýn Festu er að íslensk fyrirtæki verði þekkt fyrir samfélagsábyrgð sína, ábyrga umgengni um náttúruna og þann ávinning sem þau skapa fyrir samfélagið.

Hlutverk Festu er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði.

Þessu hlutverki sinnir Festa með þrennum hætti:

- Miðlun uppýsinga, fróðleiks og fréttu um samfélagsábyrgð.
- Fræðslu- og umræðufundum þar sem félögum gefst kostur á að fræðast, eiga samtal og efla færni sína í samfélagsábyrgð.
- Hreyfiafl sem stuðlar að framþróun og ýtir við félögum, yfirvöldum og almenningi.

ÁHERSLUR 2017–2018

Meðfylgjandi áhersluverkefni voru ákveðin fyrir starfsárið 2017-2018:

Loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar fest í sessi og gerður áframhaldandi samningur um fræðslu og mat á árangri fyrirtækja til 2020. Samstarf við yfirvöld um að nota aðferðir Loftslagsmarkmiðanna.

Ábyrg ferðaþjónusta með Íslenska ferðaklasanum, verkefninu fylgt eftir og fyrirtæki hvött til að setja sér mælanleg markmið. Rannsókn á árangri fyrirtækjanna árið 2018.

Hvatningarverkefni um **ábyrgar fjárfestingar** með áherslu á stofnanafjárfesta. Stuðst verði við verkefni Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (PRI).

Fyrirtæki hvött til að **aðgerðabinda** samfélagsábyrgð sína og **birta árangurinn**.

Festa taki mið af **Heimsmarkmiðum SP** í öllu sínu starfi og hvetji fyrirtæki til að taka mið af þeim við innleiðingu og mælingu á samfélagsábyrgð sinni.

Aukin miðlun hagnýtra upplýsinga til félaga með áherslu á samfélagsmiðla. Gerð stuttra myndbanda og reynslusagna af fyrirtækjum sem eru að gera vel við innleiðingu á samfélagsábyrgð.

Áfram áhersla á **fjölbreytta fræðsluviðburði** fyrir félaga.

Ráða sérfræðing í hlutastarf til að sjá um miðlun og viðburðastjórnun.

FJÖLGUN FÉLAGA Í FESTU

AÐGERÐIR

Við bjóðum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum að gerast meðlimir í Festu. Við hvetjum þau jafnframt til að innleiða samfélagsábyrgð og sjálfbærni í stefnu og daglegan rekstur starfseininga þeirra.


Festa var stofnuð árið 2011 af sex fyrirtækjum en opnaði fyrir félagsaðild fyrirtækja og stofnana árið 2013.

Aðildarfélögum hefur fjölgað hratt síðan. Alls voru þau 70 talsins í lok árs 2015 en hafði fjölgað í 93 talsins í lok árs 2017 eða um 23 félög.

Auk aðildarfélaganna hafa mun fleiri félög tekið þátt í starfsemi Festu með formlegum hætti án þess að gerast aðilar að Festu, m.a. með því að skrifa undir loftslagsyfirlýsinguna og yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu.

Festa hefur því bein áhrif á samfélagsábyrgð mörg hundruð íslenskra fyrirtækja.

ÚTKOMA



Fjöldi aðildarfélaganna

FRÆÐSLUVIÐBURÐIR OG FUNDIR UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

AÐGERÐIR

Tengslanetsfundir eru skipulagðir fyrir aðildarfélög Festu. Markmið þeirra er að félög deili þekkingu og bestu aðferðum um innleiðingu á ábyrgum starfsháttum.

Málfundir eru opnir fundir þar sem tveir til þrjú framsögumenn deila þekkingu sinni um ákveðin málefni tengd samfélagsábyrgð.

Loftslagsfundir eru fræðslu- og hugmyndafundir til að fylgja eftir loftslagsmarkmiðum fyrirtækja.

Ábyrg ferðapjónusta felur í sér fræðslu- og hugmyndafundi til að fylgja eftir samnefnda yfirlýsingu fyrirtækja.

Janúarráðstefna Festu er stærsti viðburður Festu á árinu. Þangað koma stjórnendur fyrirtækja, sérfræðingar og áhugafólk.

Vinnustofur um aðferðir til að innleiða samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Öllum opnar en félagar í Festu fá afslátt af aðgangseyri.

Kynningar og fyrirlestrar á ráðstefnum og fundum á vegum annarra eða á innanhúss fundum aðildarfélaga Festu.

Samtals:

ÁRANGUR	2017	2016	2015
Tengslanetsfundir	5	4	5
Þátttakendur	126	110	83
Málfundir	7	5	3
Þátttakendur	373	191	278
Loftslagsfundir	5	8	5
Þátttakendur	627	341	83
Ábyrg ferðapjónusta	15		
Þátttakendur	1.383		
Vinnustofur	7	5	2
Þátttakendur	180	143	46
Kynningar	7	14	19
Þátttakendur	578	943	669
Viðburðir	39	25	20
Þátttakendur	2.794	2.170	1.402

JANÚARRÁÐSTEFNA

AÐGERÐIR

Janúarráðstefna Festu var haldin fjórða árið í röð 26. janúar 2017 í Hörpu. Samstarfsaðili okkar voru Samtök atvinnulífsins.

Markmið er að vekja athygli á mikilvægi samfélagsábyrgðar fyrirtækja og miðla góðum dæmum um hvernig fyrirtæki innleiða hana í fyrirtæki. Janúarráðstefna Festu er stærsti árlegi viðburður á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja á Íslandi.

Dagskráin var fjölbreytt frá kl. 8.30-12.00

Opnun: Finnur Sveinsson, formaður stjórnar Festu
Ávarp: Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

Georg Kell, varaformaður stjórnar Arabesque Partners og fyrrum framkvæmdastjóri Global Compact Sameinuðu þjóðanna

Ásthildur Margrét Otharsdóttir, stjórnarformaður Marel
Þórarinn Ævarsson, forstjóri IKEA á Íslandi
Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels

Fundarstjóri: Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Í boði voru hagnýtar vinnustofur um innleiðingu samfélagsábyrgðar:

- A - Að mæla árangur samfélagsábyrgðar – Umsjón: Sigurborg Arnarsdóttir, Össuri
- B – Loftslagsmál – Umsjón: Hrönn Hrafnadóttir, Reykjavíkurborg
- C – Forgangsröðun og fókus – Umsjón: Þorsteinn Kári Jónsson, Marel

ÁRANGUR

Árangur af Janúarráðstefnu Festu er mældur með fjölda gesta, ánægju þeirra, umfjöllun í fjölmiðlum, hvort dagskrá hafi gengið eftir og fjárhag. Árangur varð á öllum þessum mælikvörðum þó gestir hafi verið færri en árið áður.

Alls mættu 160 gestir og 100% þeirra sem svöruðu viðhorfskönnun voru ánægðir. Dagskráin gekk eftir tímalega og þótti hagnýt. Þónokkur umfjöllun var um ráðstefnuna í fjölmiðlum, meðal annars viðtal við aðalræðumanninn og framkvæmdastjóra Festu í útvarpsfréttum RÚV sama dag.

Í undirbúningshópi sátu Aðalheiður Snæbjarnardóttir og Rósbjörg Jónsdóttir, stjórnarmenn Festu, auk framkvæmdastjóra.



tækni og
nýsköpun
er eina svarið



AÐGERÐIR

Festa og Reykjavíkurborg hvetja fyrirtæki og stofnanir til að skrifa undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL). Í nóvember 2015 skrifuðu yfir eitt hundrað forstjórar fyrirtækja og stofnana undir loftslagsyfirlýsinguna.


Á árinu 2017 var ráðist í rannsókn á stöðu loftslagsverkefnisins. Til verksins var fengin Dr. Snjólaug Ólafsdóttir, umhverfisverkfræðingur. Skýrsla þar um var birt 2017.


Festa og Reykjavíkurborg héldu áfram í sameiningu að standa að fræðsludagskrá um loftslagsmál fyrirtækja. Boðið var uppá vinnustofu um loftslagsmarkmið, málstofu um umbúðanotkun og Loftslagsfund Festu og Reykjavíkurborgar í Hörpu.

Festa fór á fund umhverfisráðherra og átti samtöl við starfsfólk ráðuneytisins þar sem lagðar voru fram skýrar tillögur um hvernig ríkisstjórnin geti lagt sitt af mörkum í loftslagsmálum fyrirtækja. Festa lagði til að:

1. Yfirvöld setji skýra og heildstæða sjálfbærnistefnu fyrir Ísland. Jafnframt verði rutt úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fyrirtæki velji sjálfbærar leiðir í rekstri sínum.
2. Yfirvöld styðji við og nýti sér þá þekkingu sem mótast hefur í loftslagsverkefni Festu, t.d. með því að taka þátt í að þróa áfram þau verkfæri sem mótuð hafa verið til greiningar, markmiðasetningar og framsetningu á loftslagsmarkmiðum.
3. Ríkisstjórnin, ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins skrifi undir loftslagsyfirlýsinguna, setji sér markmið, ráðist í aðgerðir og birti upplýsingar um árangur í loftslagsmálum.
4. Í samstarfi við Festu verði skipulögð röð fræðslufunda og vinnustofa um allt land þar sem forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana er boðið að koma til að læra að setja loftslagsmarkmið.







AÐGERÐIR

Ábyrg ferðaþjónusta er hvatningarverkefni sem Festa og Íslenski ferðaklasinn standa fyrir í samstarfi við alla aðila ferðaþjónustunnar. Verkefnið snýst um að fá fyrirtæki í virðiskeðju ferðaþjónustunnar á Íslandi til að sammælast um skýr og einföld markmið um ábyrga ferðaþjónustu.

Tilgangur verkefnisins er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir þjóðarinnar.

Forsvarsfólki fyrirtækja í ferðaþjónustu er boðið að skrifa undir yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu.

Með yfirlýsingunni lofa fyrirtækin að:

1. Ganga vel um og virða náttúruna.
2. Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi.
3. Virða réttindi starfsfólks.
4. Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið.

Einnig lofuðu fyrirtækin að setja markmið um ofangreinda þætti, mæla og birta reglulega upplýsingar um árangur sinn. Verkefninu er ætlað að styðja við Vakann, gæða og umhverfiskerfi Ferðamálastofu.

Yfirlýsingunni var fylgt eftir með fræðsludagskrá og stuðningi við félögin sem hafa skrifað undir. Meðal annars unnu nemendur í MPM námi við Háskólann í Reykjavík verkfærakistu með leiðbeiningum til greiningar og markmiðasetningar sem býðst þátttakendum að kostnaðarlausu.





ÁRANGUR

Þann 10. janúar 2017 skrifaði forsvarsfólk 260 fyrirtækja undir yfirlýsinguna um ábyrga ferðaþjónustu að viðstöddum Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands og verndara verkefnisins. Alls tóku 312 fyrirtæki þátt á árinu 2017.

Boðið var uppá sjö hagnýtar vinnustofur og fimm málþing á árinu til að styðja við fyrirtæki. Alls skráðu sig 42 fyrirtæki í sérstaka fræðsludagskrá verkefnisins. Öllum vinnustofum var streymt um netið og voru því aðgengilegar alls staðar að. Á málþingin komu íslenskir og erlendir fræðimenn og forsvarsfólk fyrirtækja í ferðaþjónustu til að deila þekkingu sinni og reynslu.

Dagskráin var metnaðarfull og má þar nefna:

Málþing um áhrif ferðaþjónustu á nærsamfélagið á Akureyri 8. september

Málstofa um ábyrga markaðssetningu í ferðaþjónustu 13. september

Málstofa um ábyrga ferðaþjónustu á Arctic Circle í Hörpu 13. október. Málfundur um ábyrga ferðaþjónustu 13. október.

Uppskeruhátíð verkefnisins var haldin 7. desember og þar flutti ávarp ferðamálaráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir.

Samstarfsaðilar eru: Ferðamálastofa, SAF, Stjórnstöð ferðamála, Íslandsstofa, Höfuðborgarstofa, Markaðsstofur landshlutanna og Safetravel.

Bakhjarlar á árinu voru: Eimskip, Landsbankinn, Isavia, Gray line, Bláa lónið, Íslandshótel og Icelandair Group.





INNRA STARF

STJÓRN

Í stjórn Festu frá apríl 2016–apríl 2017 voru eftirtalin:

Finnur Sveinsson, formaður

Fanney Karlsdóttir, varaformaður

Hrefna Sigríður Briem, meðstjórnandi

Jóhanna Harpa Árnadóttir, meðstjórnandi

Svavar Svavarsson, meðstjórnandi

Aðalheiður Snæbjarnardóttir, meðstjórnandi

Rósbjörg Jónsdóttir, varamaður

Randver Fleckenstein, varamaður

Frá aðalfundi 2017 voru eftirtalin í stjórn:

Fanney Karlsdóttir, formaður

Þorsteinn Kári Jónsson, varaformaður

Hrefna Sigríður Briem, meðstjórnandi

Hrönn Ingólfssdóttir, meðstjórnandi

Jóhanna Harpa Árnadóttir, meðstjórnandi

Sæmundur Sæmundsson, meðstjórnandi

Rósbjörg Jónsdóttir, varamaður

Randver Fleckenstein, varamaður

Alls fundaði stjórn Festu 12 sinnum frá aðalfundi í apríl 2017 til aðalfundar í apríl 2018. Þar af voru aðalfundur og tveir stefnumótunarfundir í maí og júní. Einnig var haldinn einn stjórnarfundur án framkvæmdastjóra í nóvember 2017.

STARFSMENN OG AÐSTAÐA

Starfsemin er til húsa í Háskólanum í Reykjavík að Menntavegi 1. Einn starfsmaður, Ketill Berg Magnússon framkvæmdastjóri, var í fullu starfi hjá Festu þar til í október 2017 þegar Freyja Steingrimsdóttir var ráðin í hálf starf sem verkefnastjóri miðlunar. Keypt var sérfræðiaðstoð við einstök verkefni, s.s. við verkstjórn á Janúarráðstefnu Festu, myndbandsupptökur, ljósmyndun, útfærslu á mælitæki fyrir loftslagsmarkmið og gerð skýrslu um loftslagsmarkmið.

ERLENT SAMSTARF

Festa er aðili að CSR Europe, sem eru Evrópusamtök miðstöðva um samfélagsábyrgð. Framkvæmdastjóri sótti aðalfund CSR Europe í lok maí, en að öðru leyti fóru samskiptin fram á netinu, m.a. um innleiðingu á lögum um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem gerir stórum fyrirtækjum nú skylt að upplýsa um samfélagsábyrgð sína í ársreikningum sínum.

Festa er aðili að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð og setti sér stefnu á árinu um að styðja við innleiðingu íslenskra fyrirtækja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

MÍÐLUN UPPLÝSINGA



Festa og MIÐLUN

Samfélagsmiðlar

Mikil aukning var í samfélagsmiðlanotkun Festu 2017. Samfélagsmiðlastefna og -reglur Festu voru auk þess ákveðnar. Ráðist var í aukna framleiðslu á myndrænu efni fyrir samfélagsmiðla, s.s. myndbönd og grafík sem leiddi til aukins fjölda notenda og aukinna viðbragða.

Vefur og markpóstur

Vefur Festu var endurnýjaður 2016. Leitast er eftir því að miðla viðburðum, fréttum og upplýsingum um starfsemi Festu og samfélagsábyrgð almennt.

Markpóstur hefur reynst mikilvægasta tækið til að ná til félaga Festu og halda utan um skráningar á viðburði.



Hefðbundnir miðlar

Festa leitast við að koma fréttum um starfsemi Festu og upplýsingum um samfélagsábyrgð í fjölmiðla þegar á við.

Starfsfólk og stjórnarfólk Festu skrifar reglulega greinar auk þess að koma fram í viðtölum í útvarpi og dagblöðum.



ÁRANGUR

Fjöldi sem líkar við Festu á Facebook

2013	755
2014	1.349
2015	1.674
2016	1.781
2017	2.009

Facebook reach (byrjað að mæla 2017)

2017	31.800
------	--------

Vegna mikillar aukningar á virkni síðustu mánuði ársins náði Festa til rúmlega 31.000 notenda á Facebook árið 2017.



Post Reach

The number of people who had any posts from your Page enter their screen.



ÁRANGUR

Fjöldi sem horfðu á myndbönd Festu á Facebook

Ár	Fjöldi myndbanda	Árangur (views)
2017	13	9.080

Fjöldi sem skráði sig á póstlista Festu

Ár	Fjöldi skráðra
2013	200
2014	401
2015	769
2016	862
2017	1.027



Festa í fjölmiðlum

Samstarf við Fréttatímann: Í lok árs 2016 hafði starfsfólk hjá Fréttatímanum samband og óskaði eftir samstarfi við Festu við gerð sérblaðs um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Fyrirtækjum stóð til boða að kaupa umfjöllun í blaðinu um stefnu sína og verkefni á sviði samfélagsábyrgðar. Hlutverk Festu var að aðstoða Fréttatímann við efnisval en samtökin komu ekki að því að auglýsa pláss í blaðinu til félaga.

Í blaðinu birtist heilsíðuviðtal við framkvæmdastjóra Festu sem skrifaði auk þess tvær greinar í blaðið með fræðsluefni um samfélagsábyrgð.

Aðrar birtingar og viðtöl:

- Viðtal í Samfélaginu á Rás 1, 10. janúar, við Ketil Berg Magnússon, framkvæmdastjóra Festu, og Ástu Kristínu Sigurjónsdóttur, framkvæmdastjóra Íslenska ferðaklasans, um Ábyrga ferðabjónustu.

- [Viðtal í Speglinum á RÚV](#), 26. janúar, við Georg Kell, fyrirlesara á Janúarráðstefnu, og Ketil Berg Magnússon.

- [Hvatningarverðlaun jafnréttismála](#) 29. september, fréttir m.a. á RÚV, [visir.is](#) og [mbl.is](#).


- Könnun á skoðun stjórnmalaleiðtoga fyrir kosningarnar haustið 2017, birt á vef Festu.

- [Grein Fanneyjar Karlsdóttur, formanns Festu, og Ketils Bergs Magnússonar](#), 6. júní, um samfélagskýrslur, birt á [visir.is](#).

- [Grein Ketils Bergs Magnússonar og Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur](#), 7. desember, um Ábyrga ferðabjónustu, birt á [visir.is](#).

- [Loftslagsviðurkenning Festu og Reykjavíkurborgar](#), 8. desember, fréttir m.a. á [visir.is](#) og [mbl.is](#).

- [Viðtal í Samfélaginu á Rás 1](#), 8. desember, við Fanneyju Karlsdóttur um Loftslagsfund Festu og Reykjavíkurborgar.



ÁHRIF Á UMHVERFI OG SAMFÉLAG



Festa og UMHVERFIÐ

Þá ber helst að nefna samstarfsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar um Loftslagsmarkmið fyrirtækja, sem fleiri en 100 fyrirtæki hafa skrifað undir, og verkefnið Ábyrg ferðaþjónusta þar sem ein af höfuðáherslum er sjálfbærni í ferðaþjónustu.

Festa er með skrifstofu í Háskólanum í Reykjavík sem er ein af þeim stofnunum sem skrifað hafa undir Loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar.

Festa sinnir auk þess umfangsmiklu fræðslustarfi tengdu sjálfbærni.

Festa leitast við að taka mið af sjálfbærni og vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Umhverfismál eru eitt af aðal áherslumálum Festu og beintengd flestum viðburðum og fræðslustarfsemi.

Festa leggur áherslu á umhverfissjónarmið þegar kemur að aðföngum og þjónustu og að vinna að bættri umhverfisvitund starfsfólks og félaga.



Festa og HEIMSMARKMIÐIN

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi í byrjun árs 2016.

Aðaláhersla Festu er að vinna að heimsmarkmiði númer 17, Samvinna um markmiðin, en þar er lögð áhersla á samstarf, uppbyggingargetu og tækni sem og aukna fræðslu og stefnumótun. Þetta markmið fellur mjög vel að því hlutverki Festu að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði.

Festa hefur ásamt SA skipulagt kynningarfundir í desember undanfarin tvö ár um Global Compact og Heimsmarkmiðin fyrir íslensk fyrirtæki. Þar hafa innlendir og erlendir sérfræðingar ásamt fulltrúum fyrirtækja útskýrt hvernig fyrirtæki geta stutt við Heimsmarkmiðin í sínu starfi.

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Festa og ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Haustið 2017 átti Festa í viðræðum við íslensk fjárfestingafélög um ábyrgar fjárfestingar. Nokkur þeirra ákváðu í nóvember sama ár að stofna samtökin IcelandSIF - íslenskan umræðuvettvang um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Festa tók þátt í kynningarfundum og stofnfundi samtakanna og hefur átt samræður við stjórn félagsins um samstarf.

Festa hefur átt viðræður við Kauphöll Íslands um viðmið Kauphallarinnar um upplýsingagjöf skráðra fyrirtækja (ESG). Viðmiðin lúta að því hvernig skráð fyrirtæki birta upplýsingar um samfélagsábyrgð sína, þ.e. umhverfis- og samfélagsmál auk stjórnarháttanna. Festa átti einnig í viðræðum við Kauphöllina um að hvetja til útgáfu svokallaðra grænna skuldabréfa.

Eitt af áhersluverkefnum Festu 2017 var ábyrgar fjárfestingar. Markmiðið snýr að því að hvetja fag- og stofnanafjárfesta til að taka upp aðferðir um ábyrgar fjárfestingar.

Festa gengur út frá þeirri skilgreiningu að ábyrgar fjárfestingar felast í að taka mið af umhverfis- og samfélagsþáttum auk stjórnarháttanna og siðferðis þegar fjárfestingaákvörðanir eru teknar.



Festa og SAMFÉLAGIÐ

Ábyrg samtök taka tillit til fólks og þeirra sem eiga hagsmuna að gæta af starfsemi þeirra svo að af skapist gagnkvæmur ávinningur fyrir samfélag og samtökin sjálf.

Festa hefur jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í allri viðburðastjórnun sem og upplýsingamiðlun á vef og samfélagsmiðlum.

Aukið jafnrétti á atvinnumarkaði er ekki einungis lagalega og siðferðislega rétt heldur er það fyrirtækjum til heilla bæði út frá samfélagsábyrgð og viðskiptalegum forsendum.

Festa leggur áherslu á að komið sé fram við starfsfólk og verktaka af sanngirni og virði réttindi þeirra. Festa hefur í heiðri keðjuábyrgð og hvetur til þess að mannréttindi séu virt hjá birgjum og undirverktökum. Festa vill styðja við eðlilega samkeppni og sýna borgaralega ábyrgð. Leitast er við að þjónusta Festu sé örugg, gagnsæ og virði persónuvernd.



Festa stendur að Hvatningarverðlaunum jafnréttismála ásamt UN Women á Íslandi, SA og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Markmið með Hvatningarverðlaunum jafnréttismála er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt innan sinna fyrirtækja og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.





SAMSTARF OG FÉLAGSÆÐILD

Festa þakkar eftirtöldum aðilum fyrir gott samstarf og hlakkar til áframhaldandi samvinnu.



Íslenski ferðaklasinn

Íslenski ferðaklasinn og Festa eru framkvæmdaraðilar fyrir hvatningarverkefnið Ábyrg ferðapjónusta sem hófst í byrjun árs 2017.



Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg og Festa eiga samstarf um Loftslagsverkefnið þar sem fyrirtæki eru hvött til að setja sér mælanleg markmið um loftslagsmál.



Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins voru samstarfsaðili Festu vegna Janúarráðstefnunnar 2017 og Hvatningarverðlauna jafnréttismála. Auk þess var Festa með erindi á Umhverfisdegi atvinnulífsins haustið 2017.



UN Women íslensk landsnefnd

UN Women og Festa eiga samstarf um Hvatningarverðlaun jafnréttismála.



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Ráðuneytið er samstarfsaðili Festu, UN Women og SA um Hvatningarverðlaun jafnréttismála.



CSR Europe

Festa er aðildarfélag í CSR Europe ásamt 41 annarri miðstöð um samfélagsábyrgð. Þar er miðlað upplýsingum um samfélagsábyrgð.



UN Global Compact Nordic Network

Festa hefur skrifað undir Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um tíu viðmið samfélagsábyrgðar. Auk þess er Festa aðili að norræna netverki aðila sem skrifað hafa undir Global Compact.



Stjórnvísi

Festa er aðili að Stjórnvísi og á sæti í stjórn faghóps um samfélagsábyrgð. Félögin standa saman að fjölmörgum fræðluviðburðum á hverju ári.



Háskólinn í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík hýsir starfsemi Festu og veitir samtökunum ýmsa rekstrarlega stoðþjónustu.

Félagar í Festu í árslok 2017

- Actavis
- Alcoa Fjarðaál
- Almenna leigufélagið
- Arion banki
- Asgard
- ÁTVR
- Bláa lónið
- Blái herinn
- Borgun
- Búseti
- CCP
- Circular Solutions
- Coca-Cola European Partners Ísland
- Cognitio
- Deloitte
- EFLA verkfræðistofa
- Eimskipafélag Íslands
- Elkem Ísland
- Expectus
- Farfluglar
- Félagsbústaðir
- Gámaþjónustan
- Garri
- Hagar
- Hapdrætti Háskóla Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- HB Grandi
- HS Orka
- Ígildi ehf
- IKEA
- Inter Medica
- Isavia
- Islandsbanki
- Íslandshótel
- Íslandsspil
- Íslandsstofa
- Íslensk getspá
- ISS Ísland ehf
- Jóhann Ólafsson & Co
- Klappir grænar lausnir
- Kosmos & Kaos
- KPMG
- Kvika banki
- Landsbankinn
- Landsnet
- Landsvirkjun
- Lín Design
- Manhattan Marketing
- Mannvit
- Marel
- Míla
- Mjólkursamsalan
- Múlalundur Vinnustofa SÍBS
- N1
- NASDAQ OMX Iceland
- Neyðarlínan
- Norðurál
- Norðursigling
- Novomatic Lottery Solutions
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Ölgerðin Egill Skallagrímsson
- Olíuverzlun Íslands
- ON - Orka náttúrunnar
- Orkuveita Reykjavíkur
- Össur
- Podium
- Rafnar
- RARIK
- RB - Reiknistofa bankanna
- ReSource International
- Reykjagarður
- Reykjavíkurborg
- Rio Tinto Alcan á Íslandi
- Samgöngustofa
- Samskip
- Samtök iðnaðarins
- Síminn
- Sjóvá-Almennar tryggingar
- Skinnfiskur
- Sólar
- SORPA
- Sýn (Vodafone)
- Tryggingamiðstöðin
- Valitor
- Veitur
- Verkfræðistofan Vista
- Verkís
- Vert Markaðsstofa
- VÍS
- Vörður tryggingafélag
- VR
- Þróunarfélag Íslands

REKSTUR



Investment Value at Year end

339 970	373 967
56 969	804 029
817	1 296 731
58	1 859 317
	2 499 808
	3 227 076
	4 050 935
	R 28 331

Investment Value at Year end

Investment	Investment Value at Year end
424 963	467 459
446 211	1 005 037
468 522	1 620 915
491 948	2 324 149
516 545	3 124 764
542 372	4 033 850
569 491	5 063 675
	R 35 414

Start at monthly

Can we do this?

REKSTRARREIKNINGUR 2017

	2017	2016
Tekjur:		
Árgjöld aðildarféлага	20.062.500	17.615.000
Vaxtatekjur	81.148	147.263
Aðrar tekjur	2.559.638	4.433.030
	22.703.286	22.195.293
Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld	14.100.828	11.858.700
Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	5.725.493	3.105.910
Vaxtagjöld	134.351	111.416
	19.960.672	15.076.026
Hagnaður ársins	2.742.614	7.119.267

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.12.2017

Eignir	2017	2016
Veltufjármunir		
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavini	3.404.183	5.887.100
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	0	98.754
Handbært fé	15.681.622	7.430.181
	<hr/>	<hr/>
Eignir samtals	19.085.805	13.416.035
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
 Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	15.232.014	12.489.400
	<hr/>	<hr/>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	1.924.097	137.048
Aðrar skammtímaskuldir	1.929.694	789.587
	<hr/>	<hr/>
	3.853.791	926.635
	<hr/>	<hr/>
Eigið fé og skuldir samtals	19.085.805	13.416.035
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>



F E S T A

Samfélagsábyrgð
fyrirtækja



Samfélagsábyrgð
fyrirtækja

FESTA
Menntavegi 1

101 Reykjavík
+354 599 6600

festa@csriceland.is
www.csriceland.is